



Lánasjóður sveitarfélaga ohf.

VIÐAUKI

við grunnlýsingu dagsetta 28. mars 2014

LSS150434

1 ÁBYRGIR AÐILAR

1.1 Útgefandi

Lánasjóður sveitarfélaga ohf., kt. 580407-1100, Borgartúni 30, 105 Reykjavík.

1.2 Yfirlýsing útgefanda

Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri, nafngreindir hér að neðan, fyrir hönd Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. kt. 580407-1100, lýsa því yfir að samkvæmt þeirra bestu vitund eru upplýsingarnar, sem þessi viðauki við grunnlýsingu dagsetta 28. mars 2014 hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum er sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar. Jafnframt er Lánasjóður sveitarfélaga ohf. kt. 580407-1100 umsjónaraðili með töku skuldabréfa lánasjóðsins í flokki LSS150434 til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf.

Reykjavík, 17. júlí 2017
f.h. Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.
Borgartúni 30, 105 Reykjavík



Magnús B. Jónsson
stjórnarformaður



Óttar Guðjónsson
framkvæmdastjóri

2 TILKYNNING TIL FJÁRFESTA

Þessi viðauki við grunnlýsingu Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. dagsett 28. mars 2014 er gerður til að koma á framfæri við fjárfesta mikilvægum nýjum upplýsingum sbr. 1. mgr. 46. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Um útgáfu og töku skuldabréfa Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. til viðskipta fer fram samkvæmt núgildandi lögum og reglugerðum, þ.m.t. lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, lög nr. 131/1997 um rafræna eignaskráningu verðbréfa og lög nr. 110/2007 um kauphallir. Í þessum viðauka vísa „sjóðurinn“ og „lánasjóðurinn“ til Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.

Þar sem viðaukinn tekur aðeins til tiltekinna atriða, skulu fjárfestar lesa viðaukann samhliða grunnlýsingunni til að öðlast nægjanlegar upplýsingar um útgefanda og skuldabréfaflokkinn.

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga hefur samþykkt hækkun á heildarheimild skuldabréfaflokksins LSS150434 úr 30 milljörðum í 40 milljarða. Þann 13. júlí 2017 var heildarstærð flokksins 25.029.352.565 að nafnvirði. Lánasjóðurinn áformar að halda regluleg útboð í þessum skuldabréfaflokki til fjármögnunar á útlánnum til sveitarfélaga líkt og gert hefur verið síðustu misseri. Stjórn sjóðsins býst við að eftirspurn eftir útlánnum sem fjármögnuð eru með LSS150434 verði slík að geri megi ráð fyrir að flokkurinn stækki umfram 30 milljarða að nafnvirði. Að öðru leyti er vísað í útgáfuáætlun lánasjóðsins sem birt er á vefsvæði hans www.lanasjodur.is.

Vísað er í grein 5.2 grunnlýsingar LSS150434 sem dagsett er 28. mars 2014 en þar er heildarheimild flokksins og fjárhæð útistandandi bréfa tiltekin og þarf því að taka tillit til ofangreinda upplýsinga í þeirri grein.